

**Sp.**

**44. Tillaga til þingsályktunar**

**[43. mál]**

um endurskoðun varnarsamningsins.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Björn Ólafsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, Jóhann Jósefsson, Jón Kjartansson, Jón Pálma-son, Jón Sigurðsson, Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólafur Björnsson, Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Ragnhildur Helgadóttir, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar, að vegna hinna ógnþrungnu atburða, sem sýna, að enginn er lengur öruggur, og kalla á endurmat þjóðarinnar á alþjóðasamskiptum, skuli fyrir- huguð endurskoðun varnarsamningsins framkvæmd með það fyrir augum, að nauð- synlegar varnir landsins séu tryggðar, jafnframt því sem bætt sé úr göllum þeim, er fram hafa komið á samningnum.

**Greinargerð.**

Flestir Íslendingar munu taka undir með Tímanum hinn 6. nóv., að „hin grimm- úðlega og svívirðilega ofbeldisárás Rússa á Ungverja“ hafi „breytt ásýnd heimsins“ og að „það, sem nú hafi gerzt, kalli á endurmat á viðhorfi allra þjóða á alþjóðasam- skiptum“. Ummæli þessi eru því athyglisverðari sem blaðið hafði lengi áður spáð batnandi horfum í alþjóðamálum, en þó játað hinn 2. nóv., að „það mundi auka við- sjár“, ef Rússar gripu til þess ráðs að herða tókin á fylgirkjum sínum. Ummæli Tímans hinn 6. nóv. eru þess vegna bersýnilega sögð að vel ihuguðu máli.

Tíminn er og ekki einn meðal málgagna ríkisstjórnarinnar um þessa skoðun, því að hinn 6. nóv. segir Alþýðublaðið, að „öllum sé ljóst, að enginn er öruggur. Allar verstu fullyrðingarnar um ætlun og tilgang skrimslisins eru sannaðar sem staðreyndir“.

Samvinna lýðræðisflokka um utanríkismál kom mörgu góðu til leiðar, meðan hún stóð. Sjálfstæðisflokkurinn metur meira að koma nú á þjóðhollu sam- starfi um þessi mál en sakast um orðinn hlut, og er tillaga þessi því flutt af flokks- ins hálfu í því skyni að freista þess að endurnýja samstarfið um nauðsynlegar varnir Íslands.

Þetta er því mikilsverðara sem einn af stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar hefur dregið gagnólíkar ályktanir af þessum geigvænlegu atburðum. Í yfirlýsingu sinni frá 5. nóv. herðir Alþýðubandalagið mjög á fyrri samþykktum sínum um, að Ísland skuli gert varnarlaust, og segir, að Atlantshafssamningurinn sé „í raun réttir úr gildi fallinn“. Að óreyndu verður því ekki trúað, að nokkur lýðræðissinni á Íslandi vilji láta lausn varnarmálanna vera komna undir atkvæðum þeirra, er slíku halda fram.